

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Frístundamiðstöð við íþróttasvæði Selfoss, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. febrúar 2022 tillögu að breyttu deiliskipulagi íþróttasvæðis þar sem gerð er grein fyrir áformum um byggingu frístundamiðstöðvar. Með byggingu frístundamiðstöðvar verður til aðstaða fyrir frístundastarf án aðgreiningar, þar sem mismunandi hópar barna og fullorðinna koma saman og veita hver öðrum stuðning og fræðslu. Markmið tillögunnar er að styrkja enn frekar íþrótt- og útivistarsvæði Selfoss með tilkomu frístundamiðstöðvar. Slík starfsemi mun glæða svæðið meira lífi og stuðla að aukinni þátttöku í íþróttalífi á svæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að skilgreina byggingarreit fyrir frístundamiðstöð á allt að tveimur hæðum og fyrir sorpgeymslu. Byggingarreitur fjölnota íþróttahúss er felldur út ásamt bílgeymslu við Langholt. Gert er ráð fyrir leiksvæði og blönduðum völlum. Bilastæðum ásamt aðkomu frá Langholti er komið fyrir í grennd við nýjan byggingarreit.

Aðrir skilmálar eru óbreyttir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 20. júní 2022.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.